

Í samræmi við 3. mgr. 42. gr. laga um ársreikninga, nr. 144/1994, skal í skýringum með ársreikningi tilgreina sérstaklega skuldbindingar vegna rekstrarleigusamninga sem nema verulegum fjárhæðum.

Að lágmarki skal veita upplýsingar um hvers konar eignir verið er að leigja og heildarlágmarksleigu í framtíðinni, sundurliðað þannig að fram komi heildarlágmarksleiga innan eins árs, eftir eitt ár en innan fimm ára og eftir fimm ár.

Samtala skuldbindinga vegna rekstrarleigusamninga skal jafnframt sýnd fyrir neðan samtölu eigin fjár og skulda í efnahagsreikningi.

6. gr.

*Núvirðing.*

Í núvirðisútreikningi skal nota vaxtakjör á nýju fjármagni þegar samningur er gerður.

7. gr.

*Önnur ákvæði.*

Um þau atriði sem ekki er kveðið á um í auglýsingu þessari skal fara að alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IAS staðli 17.

8. gr.

*Gildistaka.*

Auglýsing þessi, sem sett er á grundvelli 18. gr. reglugerðar nr. 944/2000, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 4. maí 2005.*

**Árni Magnússon.**

*Lárus Bollason.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi V. áfanga Giljahverfis, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 19. apríl 2005 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að breytingu á ofangreindu deiliskipulagi. Um er að ræða breytingu á byggingarreit parhúss á lóðinni nr. 1 – 3 við Urðargil.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og hefur bæjarstjórn lýst því yfir að hún taki að sér að bæta það tjón, sem einstakir aðilar kunni að verða fyrir vegna hennar. Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. Akureyrarbæjar, 9. maí 2005.*

**Ármann Jóhannesson,** skipulags- og byggingarfulltrúi.